

## AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

### *Hraunbær 103 og 105.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. nóvember 2015 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 103-105 við Hraunbæ. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir að á nýrrí lóð í beinu framhaldi af núverandi lóð við Hraunbæ 103-105 verði heimilt að reisa 5-9 hæða byggingu með um 50 íbúðir fyrir eldri borgara. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Kambavað 1-3.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. nóvember 2015 breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðar nr. 1-3 við Kambavað. Í breytingunni felst breyting á lóðarmörkum vegna breytinga á innkeyrslu og sorpskýli, staðkun lóðar til norðvesturs og að setja hjólaskýli á lóð þar sem bílastæði voru áður. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Vegamótastígur 7 og 9.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur þann 17. nóvember 2015 breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.5 vegna lóðanna nr. 7 og 9 við Vegamótastíg. Í breytingunni felst m.a. í að hætt er við að endurreisa gamla steinbæinn á þaki nýbyggingar og hætt er við að færa gamla húsið á Vegamótastíg 9 upp á þak o.fl. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Túngata 11A.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 19. nóvember 2015, breytingu á deiliskipulagi Landakots. Í breytingunni felst að afmarka lóð nr. 11A við Túngötu fyrir grenndarstöð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Fossháls 17-25 og Dragháls 18-26.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 19. nóvember 2015 breytingu á skilmálum deiliskipulags lóðarinnar nr. 17-25 við Fossháls og 18-26 við Dragháls. Í breytingunni felst lagfæring á stærðartöflu 1. og 2. hæðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Pingholtsstræti 16.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 19. nóvember 2015 breytingu á deiliskipulagi reits 1.118.0 MR vegna lóðarinnar nr. 16 við Pingholtsstræti. Í breytingunni felst að endurbyggja og hækka lítillega garðskála. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 19. nóvember 2015.*

**Björn Axelsson.**